



Ársskýrsla Fagdeildar svæfingahjúkrunarfræðinga

Starfsárið mars 2022 – mars 2023

Félagafjöldi: 122 þar af 81 starfandi og 11 nemar

Stjórn fagdeildar á starfsárinu: Þórdís Borgþórsdóttir formaður, Lára Borg Ásmundsdóttir varaformaður, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir ritari, Erna Björk Þorsteinsdóttir gjaldkeri og Anna Reynisdóttir meðstjórnandi.

Error! Bookmark not defined.

Stjórn fagdeildar á næsta starfsári verður óbreytt

Félagsgjald: 6000

Stjórnarfundir: 4

Innlend starfsemi:

Aðalfundur var haldinn í sal Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 22.mars 2022.

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á stjórnarárinu 2022-2023. Þar sem sama stjórn sat áfram var enginn stjórnarskiptafundur haldinn. Stjórnarfundir voru haldnir 31. maí 2022, 19. október 2022, 6. febrúar 2023 og 6.mars 2023. Auk þess sem samskipti voru rafræn í undirbúningi fyrir bæði ráðstefnu og afmælisfund/jólafund.

Sameiginleg ráðstefna skurð- og svæfingafagdeildanna var haldin 24. september 2022 á Centerhotel Plaza, þar sem mætingin var mjög góð 120 manns og erindin fjölbreytt og áhugaverð.

Afmælisfundi sem halda átti haustið 2020 vegna 50 ára afmælis fagdeildarinnar var slegið saman við jólafundinn og haldinn þann 24. nóvember 2022 á Grand Hótel, þar sem félagsmenn skemmtu sér saman yfir mat og drykk og skemmtiatriðum.

Haustfundur formanna fagdeilda og landssvæða var haldinn 24. október 2022 og notaður sem undirbúningsfundir fyrir Hjúkrunarþingið 25.október 2022. Annar fundur þessara formanna var síðan 24. janúar 2023 þar sem rætt var um starfsemi fagdeildanna og landssvæða í kjölfar Covids.

Facebook síðan okkar Svæfillinn hefur verið notuð til upplýsinga um hvað er efst á baugi hjá okkur hverju sinni.

Fagþróunarnefnd

Í fagþróunarnefnd hafa verið sömu aðilar í nokkur ár en hins vegar hefur hún ekki fundað formlega. Nefndarmenn eru, Lára Borg Ásmundsdóttir, Þórdís Borgþórsdóttir og Ásgeir Valur Snorrason

Ráðstefnunefnd

Í ráðstefnunefnd eru Þórdís Borgþórsdóttir og Lára Borg Ásmundsdóttir. Þó nokkur vinna fór í undirbúning fyrir sameiginlegu ráðstefnuna í samvinnu við skurðhjúkrunarfræðinga, haldnir voru nokkrir óformlegir fundir og einn vinnufundur þann 23. maí 2022. Auk þess hefur ráðstefnunefndin fundað ásamt stjórn vegna fyrirhugaðs Vísindapings 24. mars 2023.

Erlent samstarf

Nosam

Að jafnaði er haldinn einn NOSAM-fundur á ári og var hann haldinn á NOKIAS ráðstefnunni í Þrándheimi Noregi 14.-16. september 2022, því miður komst enginn stjórnarmaður á þann fund. Þórdís Borgþórsdóttir er fulltrúi okkar í NOSAM.

IFNA

Lára Borg Ásmundsdóttir er IFNA fulltrúi okkar. Áslaug Ína Kristinsdóttir fráfarandi fulltrúi sat IFNA fundinn sem haldinn var á IFNA ráðstefnunni í Króatíu 2.-5.maí 2022.

23. mars 2023

Þórdís Borgþórsdóttir, formaður